

## Skýrsla stjórnar FORMA skólaárið 2014-2015

Hér á eftir verður greint stuttlega frá helstu verkefnum foreldrafélagsins FORMA síðastliðið skólaár.

Strax að lokinni skólasetningu MA í fyrrahaust tók ný stjórn til starfa. Í henni sátu Margrét Magnúsdóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir, Ester Stefánsdóttir, Jóhanna M. Matthíasdóttir, Harpa Hjarðar, Jón Stefán Baldursson og Þuríður Árnadóttir. Harpa Hjarðar hætti í stjórninni um mitt skólaár og stað hennar kom Pétur Halldórsson inn. Einnig sat Herdís Zóphaníasdóttir námsráðgjafi í MA alla stjórnarfundir. Herdís hefur nú látið af störfum við skólann og viljum við nota tækifærið til að þakka henni fyrir frábært samstarf á liðnum árum. Það er ómetanlegt fyrir foreldrafélagið að hafa notið óeigingjarnra krafta Herdísar og óskum við henni alls hins besta. Nýr tengiliður stjórnar FORMA við skólann verður Heimir Haraldsson námsráðgjafi.

Hlutverk okkar sem félags er að standa vörð um mál er varða velferð, menntun og þroska barna okkar. Við erum vettvangur samstarfs og samráðs milli forráðamanna, nemendafélaga og starfsmanna skólans. Þessir aðilar hafa greiðan aðgang að stjórn FORMA og geta beint þangað málum er okkur varða. Stjórnarfundir eru haldnir reglulega og fáum við fyrirspurnir um ýmis málefni.

Í samstarfi við stjórnendur skólans höldum við kynningu á starfi okkar strax í upphafi skólaárs. Það gerum við til að upplýsa forráðamenn um hlutverk félagsins og aðstoða þá við að skipuleggja aðkomu og utanumhald um mál sem tengjast bekkjarstarfi nemendanna.

Okkar fyrsta verkefni síðastliðið haust var að vinna að skipulagningu Hólavatsferða fyrsta árs nema. Hefð hefur skapast fyrir þessum ferðum og mikil ánægja ríkir með þær enda hefur vel til tekist. Allar bekkjardeildirnar, sem eru níu talsins, fóru síðastliðið haust en hverri bekkjardeild fylgdu 2-3 forráðamenn sem sáu til þess að allt gengi áfallalaust fyrir sig.

Síðastliðin ár höfum við fengið Önnu Richards til liðs við okkur til að hafa umsjón með hópefli í hverri bekkjardeild við góðar undirtektir. Ferðirnar eru fyrst og fremst hugsaðar til þess að krakkarnir kynnist vel í upphafi skólaársins og þar með efla bekkjarandann.

Að loknum Hólavatsferðunum síðastliðið haust gerði stjórn FORMA könnun meðal nýnema um hvernig þeim hefði þótt til takast með ferðirnar. Stuðst hefur verið við niðurstöður könnunarinnar við skipulag ferðanna í ár.

Segja má að málefni er koma inn á fundi FORMA skiptist aðallega í þrennt. Námið, félagslífið og fyrirbyggjandi þætti er snúa að nemendum. Hér á eftir verður tíundað það helsta sem FORMA kom að á skólaárinu 2014-2015.

Í upphafi skólaársins tók gildi samningur sem stjórn FORMA hafði gert við nemendafélagið varðandi samkomuhald fyrir ólögráða nemendur. Í samkomulaginu fólst að eldri nemendur máttu ekki halda “party” fyrir nýnema fyrr en eftir 1. nóvember. Í stuttu máli er hægt að segja að nemendafélagið hafi algerlega staðið við sinn hlut samkomulagsins og ber að þakka það. Stjórn FORMA kynnti stjórn nemendafélagsins lögfræðialit vegna ábyrgðar þeirra sem boða til og/eða leyfa samkomur ólögráða nemenda. Umrætt lögfræðialit var einnig kynnt fyrir forráðamönnum.

Í nóvember barst stjórninni erindi frá foreldri þar sem lýst er áhyggjum af aukinni vímuefnanotkun 16 og 17 ára nemenda. Stjórnin fékk Önnu Hildi Guðmundsdóttur frá SÁÁ inn á fund til að ræða þessi mál. Í framhaldi af þeim fundi var sent bréf til forráðamanna þar sem þeir voru hvattir til að ræða við börn sín um málið og vera vakandi fyrir félagshegðun þeirra. Í bréfinu var vitnað til orða Önnu Hildar á ofangreindum fundi sem leiddi til þess að fjölmiðlar kölluðu hana í viðtöl vegna málsins. Stjórn nemendafélagsins var ekki sátt við þessa fjölmiðlaumfjöllun og hélt því fram að bæði stjórn FORMA og Anna Hildur færu ekki með rétt mál. Stjórn nemendafélagsins ályktaði um málið og taldi að ekki væri rétt að vímuefnaneysla væri vandamál hjá 16 og 17 ára nemendum í MA. Þessi ágreiningur stjórnar FORMA og nemendafélagsins setti strik í samskipti félaganna en á sameiginlegum fundi stjórnanna var tekist á um málið og sátt náðist um að vinna nánar saman í framtíðinni og auka upplýsingastreymi milli félaganna. Þá var einnig ákveðið að á skólaárinu sem nú er að hefjast munu báðar stjórnir standa fyrir sameiginlegu málþingi.

Að loknum haustannarprófum fékk stjórnin kynningu á útkomu prófanna. Þá kom í ljós óeðlilega mikið fall í eðlisfræði á þriðja ári. Í framhaldi af því óskaði stjórnin eftir því að fá nánari skýringar frá stjórnendum skólans varðandi málið og hvernig skólinn hafi brugðist við þessari slöku útkomu. Í tengslum við það fékk stjórnin einnig útlistun á því hvernig innra og ytra mati skólastarfsins væri háttáð. Skólameistari kom einnig inn á fund okkar undir vorið og kynnti væntanlegar breytingar á skólastarfinu á næstu árum. Ber þar hæst stytting námsins úr fjórum árum í þrjú ár haustið 2016 og fækkun námseininga úr 240 í 210. Ennfremur sú breyting að námslok verða sveiganlegri en áður.

Í mars stóð FORMA fyrir fræðslufundi fyrir forráðamenn með foreldrafélaginu í VMA. Fjallað var um “sexting” hefndarklám og netið. Fyrirlesari var Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. Horft var til öryggis í stafrænum samskiptum og hversu rafræn dreifing efnis er stjórnlaus og þeirri staðreyndi að netið gleymir engu.

Niðurstaða fundarins var í stuttu máli sú að rík þörf væri á vitundarvakningu ekki síst meðal forráðamanna um þær hættur sem steðja að börnunum okkar þegar þau setja efni inn eða flakka um netið.

Mikið hefur verið unnið með málefni er tengjast móttöku nýnema við skólann. Stjórn foreldrafélagsins leggur áherslu á að gætt sé siðgæðis og hófs við móttöku nýnema. Við teljum mikilvægt að efla bekkjaranda og auka góð samskipti milli fyrsta árs nema strax í upphafi. Undirrituð verður sameiginleg yfirlýsing FORMA og nemendafélagsins nú í upphafi skólaársins vegna samskipta eldri nemenda við nýnema. Það er einlæg von okkar sem höfum starfað í stjórn FORMA síðastliðið ár að þessi yfirlýsing muni leggja grunn að farsælum samskiptum nemenda. Við erum stolt af nemendum MA og treystum á ykkar aðstoð kæru forráðamenn að leggja ykkar lóð á vogarskálina við að framfylgja þeim orðum sem undirrituð verða.

Stjórn FORMA hvetur forráðamenn í hverri bekkjardeild að mynda virkt tengslanet sín á milli og miðla þannig upplýsingum sem eiga erindi við alla forráðamenn hópsins.

Síðasta verk sitjandi stjórnar FORMA var að skipuleggja ferðir fyrsta árs nema á Hólavátn. Ferðirnar verða farnar seinni hluta septembermánaðar og hafa foreldrar nú þegar fengið upplýsingar um þær en nemendur fá nánari upplýsingar á næstu dögum. Þessar ferðir eru samvinnuverkefni forráðamanna, nemenda og starfsmanna og einungis með samstilltu átaki fáum við þessar ferðir til að ganga upp. Nemendur skipuleggja ferðina að stærstum hluta sjálfir en óskað er eftir sjálfbóðaliðum frá forráðamönnum til að fara með og halda utan um ferðirnar. Hverri bekkjardeild verða að fylgja í það minnsta tveir forráðamenn og ef ekki tekst að manna ferðirnar verða þær ekki farnar. Foreldrar eru beðnir um að skrá sig á hjá umsjónarkennara eða í tölvupósti til Heimis námsráðgjafa sem er með netfangið heimir@ma.is.

Í foreldrafélaginu fer fram mikilvæg vinna og viljum við hvetja ykkur til að taka þátt í því starfi. Reynslan sýnir okkur að mikilvægt er að styðja við börnin á þessum merku tímamótum.

Við þökkum fyrir okkur og um leið segja frá því að nú munu Jón Stefán, Þuríður, Margrét og Pétur ganga úr stjórn og því vantar okkur fjóra nýja forráðamenn í stjórn félagsins en samkvæmt lögum félagsins eiga að sitja sjö aðal- og varamenn í stjórn félagsins. Við hvetjum alla þá sem áhuga hafa á að starfa í foreldrafélaginu að gefa sig fram við okkur núna í lok fundarins.

Að lokum minnum við á að allar nánari upplýsingar um störf foreldrafélagsins er að finna á vefsíðu skólans ma.is.

Fyrir hönd stjórnarinnar vil ég þakka starfsmönnum skólans, forráðamönnum og nemendum fyrir gott samstarf síðastliðið skólaár.

Takk fyrir.